


# FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



4. tbl.

5. árg.

nóvember

1989

Ábm.: Einar Bogi Sigurðsson

## FYRIRLESTUR

Fyrirlestur um utanlandsferð jarð- og landfræðinema til Svíþjóðar, veður haldinn í máli og myndum, fimmtudaginn 9. nóvember n.k. í Odda, stofu 101, kl. 20,30.

Námsferð jarð- og landfræðinema H.Í. til útlanda er farin annað hvert ár og er tilgangur ferðarinnar að kynnast landmótun, náttúrufari, búsetu, atvinnulífi og landnýtingu á völdum stöðum. Áður en ferðin er farin er unnið að undirbúningi hér heima í formi margs konar verkefna. Námsferð þessi er þáttur af norrænu samstarfi jarðvísindamanna.

Í júní s.l. fór föngulegur hópur nema á öðru og þriðja ári til Skánar og Smálanda í Svíaríki. Fyrstu þrjá dagana, af þeim tíu sem ferðin tók, voru bæði jarð- og landfræðinemar saman og fengu þeir þá að kynnast landmótun, veður- og náttúrufari Skánar. Síðan skildu leiðir. Landfræðinemar eyddu einum degi í borgarskipulaginu í Malmö, en héldu síðan norður með skerjagarðinum til Gautaborgar, með viðkomu í Ringhalls kjarnorkuverinu og pappírverksmiðju. Meðan viðdvöl var höfð í Gautaborg var m.a. heimsókn gerð í Volvo verksmiðju og Tigers fataverksmiðjuna, farið í skerjagarðsleiðangur og skoðunarferð um árdal Gautelfurs. Síðustu tveimur dögum ferðarinnar var síðan eytt í sagnfræðilega- og landbúnaðarlandfræði, örveðurfræði ásamt fleiru í Smálöndum.

Jarðfræðinemar héldu sig aftur á móti fyrst um sinn í Malmö. Þaðan var farið í ýmsar ferðir og jarðfræði Skánar skoðuð. Ýmiskonar setmyndanir voru athugaðar bæði sjávar- lóna- og landset af mismunandi aldri. Einna mest bar á seti sem myndast hefur framan við jökla í lok síðasta jökulskeiðs. Leiðin lá um margar námur en hagnýt jarðefni hafa löngum verið numin á Skáni. Einnig var bergfræðinni gefinn gaumur en berggerðir á þessum slóðum eru frábrugðnar því sem við þekkjum á Íslandi. Síðustu tveimur dögum ferðarinnar eyddi hópurinn á Sjálandi og skoðaði m.a. Steuns- og Mönskalkklettana.

## LANDFRÆÐINGATAL

Í fréttabréfi Landfræðifélagsins, Landabréfi 1. tbl. 3. árg. 1981 var birt skrá yfir þá sem lokið höfðu B.S. prófi í landafræði frá Háskóla Íslands frá 1972-1980 ásamt upplýsingum um framhaldsnám og störf eftir námslok.

Frá 1981-1989 hafa margir landfræðingar útskrifast frá H.Í. og nokkrir farið utan til framhaldsnáms og komnir aftur til starfa.

Fróðlegt væri að bæta á þessa skrá þeim sem hafa útskrifast á þessum tíma ásamt viðbótarupplýsingum um þá sem hafa farið til framhaldsnáms og annarra starfa frá 1980.

Stjórnir Félags landfræðinga og Landfræðifélagsins hafa ákveðið að vinna sameiginlega að þessari heimildaöflun og senda í þeim tilgangi eyðublöð þar að lútandi með fréttabréfum félaganna (sjá meðfylgjandi blað.) Góðfúslega fyllið eyðublaðið snarlega út og sendið til baka til Ingu Ingibjargar Guðmundsdóttur, Bröttubrekku 1, 200 Kópavogi, þ.e. í allri auðmýkt STRAX.

Einnig væri mjög áhugavert að safna upplýsingum um alla Íslendinga, sem hafa lokið landfræðinámi utanlands og innan áður en B.S. nám í landafræði hófst við H.Í. og vinna þar að heildar landfræðingatali. Allar ábendingar þar að lútandi eru vel þegnar.

Eftir að skráin hefur verið fullunnin munu félögin sameiginlega birta og viðhalda henni því auk þess hve fróðlegt er að fylgjast með hvað landfræðingar eru að starfa og fullnema sig í getur verið mikið gagn af slíkri skrá. Oft þurfa ráðamenn, fjölmiðlar og stofnanir á upplýsingum að halda sem landfræðingar hafa sérþekkingu á og væri mikill akkur í að hafa handbærar upplýsingar um þá sem hægt væri að vísa til ef leitað væri til félaganna í þeim efnum.

## FRÁ KORTANÁMSKEIÐI

Dagana 13.-15. júní s.l. hélt Landfræðifélagið í samráði við Félag landfræðinga, Landmælingar Íslands og Námsgagnastofnun kortanámskeið. Hámarksfjöldi þáttakenda var takmarkaður við 24, en námskeiðið var fullbókað og tókst vonum framar. Næsta víst er að áframhald mun verða á samskonar námskeiðum og jafnvel framhaldsnámskeiðum og er unnið að því.

## TILKYNNING FRÁ FÉLAGI LANDFRÆÐINGA

Annar fundur Félags Landfræðinga á þessum vetri 1989, verður haldinn í Skólabæ Suðurgötu 26, þann 27. nóvember kl. 20.30.

Guðrún Ólafsdóttir dósent mun segja frá áherslum og viðfangsefnum í landfræðirannsóknum eins og þær birtast í 26. þingi Alþjóðalandfræðisambandsins í Sydney í Ástralíu sumarið 1988. Hún mun einnig segja frá frumbyggjum Ástralíu og landréttindum þeirra.